

Setning

Þórir Ingason
Vegagerðin

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar er nú haldin í 13. sinn. Fyrsta ráðstefnan var haldin í Salnum í Kópavogi haustið 2002 og til gamans má geta þess að þá var almennt þátttökugjald 7.500 krónur, en í dag 12 árum síðar hefur það tvöfaldast og er 15.000 krónur. Samkvæmt vef Hagstofu Íslands virðist byggingavísitalan hafa rúmlega tvöfaldast á sama tíma, svo það er í góðu samræmi við það.

Þetta er í fjórða sinn sem ráðstefnan er haldin í Kaldalóni, í Hörpu. Stundum hefur verið nefnt að reglan sé að ráðstefnan sé haldin fyrsta föstudag í nóvember. Það hefur þó nokkrum sinnum þurft að bregða út af vananum, eins og í þetta sinn, meðal annars vegna þess að Harpa er gjarnan upptekin í byrjun nóvember hin síðari ár vegna Iceland Airvaves tónleikahaldsins. En allt er breytingum háð og sama má segja um tímasetningu ráðstefnunnar. Jafnvel hefur verið nefnt að færa hana fram á vorið, þegar verkefnum viðkomandi rannsóknarárs er að ljúka. Rannsóknári Vegagerðarinnar líkur formlega 31. mars ár hvert þegar frestur rennur út til að skila skýrslum vegna styrkja ársins á undan. Á þeim tíma er fólk líklega ferskara til að kynna niðurstöður verkefna, en haustið eftir, rúmlega hálfu ári síðar. Þessar hugmyndir hafa þó aldrei náð lengra en á umræðustigið, enda var þess getið strax fyrir 10 árum við setningu ráðstefnunnar þá, að hún væri búin að festa sig í sessi í byrjun nóvember ár hvert og hvað þá nú.

Við lok skráningar á ráðstefnunna þetta ár voru þátttakendur orðnir 189. Það er á svipuðum nótum og undanfarin tvö ár, en nær þó ekki metfjölda síðasta árs þegar endanleg tala varð 198. Á sama tíma og ráðstefnan er haldin nú er einnig í Hörpu ráðstefnan „Hringborð norðurslóða“ (Arctic Circle). Hugsanlega er einhver samkeppni um þátttakendur frá þeirri ráðstefnu.

Það hefur verið til síðs við setningu ráðstefnunnar að ræða aðeins um starfsemi rannsóknasjóðsins, sem er undirstaða þess að ráðstefnan er haldin. Í því sambandi, er vakin athygli á því að settar hafa verið saman stuttar ársskýrslur um starfið fyrir árin 2012 og 2013, sem finna má á vef Vegagerðarinnar. Stefnt er að því að skrifa slíkar ársskýrslur áfram. Í þessum skýrslum er yfirlit um starfið og meðal annars tölulegar upplýsingar um umsóknir og úthlutun. Í skýrslunni frá 2012 er einnig stutt sögulegt yfirlit um starf sjóðsins.

Einnig er nú unnið að endurskoðun greinargerðar um rannsókn og þróunarstarf Vegagerðarinnar, sem líka má finna á vef stofnunarinnar. Þessi greinargerð leggur m.a. grunninn að rannsóknastefnunni, sem er í endurskoðun. Til fróðleiks má geta þess að í endurskoðaðri greinargerð koma fram upplýsingar um að ríflega fjórðungur fjárveitinga rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar hafa undanfarin ár verið nýttar vegna vinnu og kostnaðar innanhúss hjá Vegagerðinni, en þrír fjórðu hlutar fara út fyrir. Er þetta nefnt, þar sem því hefur stundum verið fleygt að sjóðurinn sé eingöngu nýttur innanhúss hjá Vegagerðinni og lítið fari út fyrir stofnunina.

Eins og oft áður hefur verið minnst á við setningu ráðstefnunnar þá er það svo, að þó að í vegalögum frá 2008 standi að 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar skuli varið til rannsókna í gegnum rannsóknasjóðinn, þá sú lagagrein aldrei verið uppfyllt. Í fjárlögum næsta

árs er gert ráð fyrir 143,6 milljónum króna til sjóðsins, en ætti að vera vel yfir 200 milljónir lagagreinina. Það hafa hins vegar aldrei verið vandæði með að ráðstafa sjóðnum, því alltaf er sótt um ríflega tvöfalda og allt að þrefalt þá upphæð sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

Á ráðstefnunni að þessu sinni er boðið upp á 20 erindi. Meðal annars er eitt erindi, um sjávarborðsrannsóknir, sem snertir beint starfsemi nýju Vegagerðarinnar, sem var sett á stofn um mitt ár 2013. Það er því á vissan hátt sögulegt.

Ekkert veggspjald með kynningu verkefna hékk uppi að þessu sinni.

Ágrip af nánast öllum erindum sem haldin eru má finna á vef Vegagerðarinnar auk þess sem glærur sem fyrirlesarar nota verða þar líka. Minnt er á að það sem kynnt er á rannsóknaráðstefnunni er aðeins hluti af því rannsóknastarfi sem styrkt er af rannsóknasjóðnum, en á vef Vegagerðarinnar má finna skýrslur um önnur verkefni, sem hefur verið skilað til sjóðsins.

Ráðstefnustjóri er G.Pétur Matthíasson upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar.